

Mál nr. 169/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttengið 21. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. júní 2024.
3. Tölvupóstur M dags. 11. september 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins, þar á meðal rafrænni tjónstilkynningu M, segir í tjónslýsingu vegna tjóns sem varð hinn 23. nóvember 2023: „bílstjóri ók bílnum og var ástand vegarins *slámt* með þeim afleiðingum að að bíllinn fer utan í eitthvað og tjónast *veruleg* og dekk dettur af bílnum...“ Í frekari gögnum frá viðgerðaraðila segir að ónýtir felguboltar hafi leitt til þess að boltar í nafloki slitnuðu og þannig hafi farið olía „...af nafdrifinu sem olli því að plánetugírinn skemmdist.“ Í sömu tjónsgreiningu viðgerðaraðilans hafi komið fram að ekki væri vitað hvað hefði ollið tjóninu en „...hugsanlegt að einhvers konar hliðarhögg hafi getað orsakað þetta.“

M telur að bæta eigi tjón sitt úr kaskótryggingu X hjá V og hafnar því að tjón megi rekja til þess að felguboltar á dekki hafi verið ofhertir.

V hefur hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu X með vísan til þess að tjón M falli ekki undir gildissvið kaskótryggingarinnar, en það sé skilgreint með þeim hætti að vátryggingin „bætir tjón á hinu vátryggða ökutæki vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika.“ V telur að ekkert utanaðkomandi atvik hafi valdið tjóni M heldur hafi mistök við dekkjaskipti leitt til þess. V vísar til undanþáguákvæðis a.liðar 3. gr. vátryggingarskilmála sinna þar sem komi fram að vátryggingin bæti ekki bilanir á ökutæki eða búnaði þess, hvort sem um er að ræða vélfræðilegar eða rafmagnsfræðilegar orsakir. Þannig sé ekki fyrir hendi greiðsluskylda úr kaskótryggingunni.

Í tölvupósti M frá 11. september 2024 kemur fram að ekki séu gerðar viðbótarathugasemdir í málinu.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort tjónsatvik hinn 23. nóvember 2023 þegar dekk fór undan kaskótryggðri bifreið M falli undir gildissvið kaskótryggingar hjá V. Í 2. gr. vátryggingarskilmála V segir „Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika sem þeim undanþágum og takmörkunum sem nánar eru tilgreindar í skilmálum þessum.“ Í því samhengi verður að líta til lýsingar tjónsatviks í tjónstilkynningu M þar sem kemur fram að bifreiðin X hafi „farið utan í eitthvað“ og þannig teljast skilyrði 2. gr. fyrrnefndra vátryggingarskilmála uppfyllt um skyndilegan, óvæntan utanaðkomandi atburð. Til þess verður einnig litið að viðgerðaraðili staðfestir í skýrslu sinni til V að hugsanlegt sé að einhvers konar hliðarhögg hafi getað orsakað tjónið.

Þegar litið er til undanþáguákvæðis a. liðar 3. gr. sömu vátryggingarskilmála verður að líta svo á að V beri sönnunarbyrði um að skilyrði þess undanþáguákvæðis eigi við, enda er það í samræmi við almennar sönnunarreglur vátryggingaréttarins að vátryggingafélög beri sönnunarbyrði um skilyrði undanþáguákvæða í vátryggingarskilmálum. Í umræddu undanþáguákvæði kemur fram að vátryggingin bæti ekki bilun á ökutæki eða búnaði þess, en ennfremur kemur fram í ákvæðinu að vátryggingin taki til bilana sem sannanlega verða raktar til m.a. áaksturs, enda hafi bilunin komið fram innan sólarhrings frá þeim atburði. Í máli M verður að líta til þess að bilun í búnaði X kom fram strax og verður því ekki fallist á að undanþáguákvæði a.liðar 3. gr. vátryggingarskilmála eigi við.

Af öðrum gögnum málsins verður ekki ráðið að tjón á X hafi orðið við aðstæður sem eru að öðru leyti undanskildar gildissvið vátryggingarinnar í vátryggingarskilmálum eða að sýnt sé fram á að tjónið

hafi ekki getað komið fram við þann skyndilega, óvænta utanaðkomandi atburð sem lýst er í tjónstilkynningu eða við hliðarhögg sem viðgerðaraðili vísar til. Verður V að bera hallann af sönnunarskorti um annað og telst M því eiga rétt til bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. október 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir